

Áfalla- og viðbragðsáætlun



Leikskólinn Laugaland

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Neyðarupplýsingar	2
Áfallateymi	2
Áföll – skilgreining	2
Börn	3
Alvarleg slys/veikindi barns á leikskólatíma	3
Alvarleg veikindi/langvinnir sjúkdómar barns	3
Hópsmit í leikskólanum	4
Andlát barns	4
Vinna á leikskólanum sama dag:	4
Vinna á leikskólanum næstu daga:	5
Ofbeldi gegn barni eða barn býr við óviðunandi uppeldisaðstæður	5
Grunur um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður eða vanrækslu	5
Grunur um að barn sé beitt ofbeldi eða sé í hættu:	5
Aðstandendur	6
Veikindi/slys aðstandenda barna	6
Andlát foreldra/systkina	6
Starfsfólk	6
Slys/veikindi starfsmanns	6
Andlát starfsmanns	6
Andlát maka/barns starfsmanns	7
Staðlað bréf sem leikskólinn sendir við andlát barns eða starfsmanns	7
Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta	8
Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna bruna	8
Óveður	9
Önnur vá	9
Fjöldahjálparstöð	9
Æfingar	9
Lokun Leikskóla	9

Inngangur

Markmið með áfalla- og viðbragðsáætlun er að tryggja samræmd og fagleg viðbrögð leikskólans þegar börn eða starfsmenn verða fyrir áfalli sem hefur áhrif á líðan og þeirra daglega líf.

Neyðarupplýsingar

Mikilvægt er fyrir starfsemi leikskólans að hafa staðgóðar upplýsingar um hvar hægt sé að ná í aðstandendur nemenda ef slys eða aðra vá ber að höndum á skólatíma. Verði breytingar á netföngum, símanúmerum eða heimilisföngum foreldra er afar brýnt að þeim upplýsingum sé komið til leikskóla.

Áfallateymi

Við Leikskólann Laugaland er starfandi áfallateymi sem skipað er stjórnendum leikskólans hverju sinni, þ.e. leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum.

Hlutverk áfallateymis er að tryggja að verkferlum sé fylgt og að brugðist sé hratt og örugglega við þegar áföll hafa orðið. Með áföllum er átt við alvarlega atburði á borð við bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll, bruna, náttúruhamfarir eða aðra atburði sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu- og/eða sorgarviðbrögð.

Það er í verkahring áfallateymis að kynna áætlun þessa fyrir starfsfólki og sjá til þess að starfsfólk fái fræðslu um hvernig bregðast skuli við slysum, áföllum og einkennum áfallastreitu hjá börnum og fullorðnum. Sé þörf á utanaðkomandi stuðningi við starfsfólk leikskólans sér áfallateymi um að útvega viðeigandi aðstoð.

Áföll – skilgreining

Eftirfarandi atriði skilgreinast sem áföll og kalla á viðbragð í samræmi við áætlun þessa. Listinn er þó ekki tæmandi og er það þá mat áfallateymis hvort grípa þurfi til aðgerða í öðrum tilfellum.

- Alvarlegt slys (barns, aðstandenda þess eða starfsfólks)
- Alvarleg veikindi (barns, aðstandenda þess eða starfsfólks)
- Langvinnir sjúkdómar (barns, aðstandenda þess eða starfsfólks)
- Andlát (barns, aðstandenda þess, starfsfólks eða aðstandenda starfsfólks)
- Ofbeldi (gegn barni, aðstandanda eða starfsfólki)
- Bruni
- Náttúruhamfarir

Viðbrögð áfallateymis miðast alltaf við aðstæður hverju sinni og hver á í hlut, barn eða fullorðinn.

Athugið að leikskólastjóri er alltaf eini tengiliður leikskólans við fjölmiðla. Aðrir hafa ekki heimild til að gefa fjölmiðlum upplýsingar og skulu án undantekninga vísa á leikskólastjóra.

Börn

Alvarleg slys/veikindi barns á leikskólatíma

Verði alvarlegt slys eða að barn veikist alvarlega á leikskólatíma gildir eftirfarandi:

- Starfsmaður á vettvangi sinnir bráðahjálpi og kallar eftir stjórnanda
- Hringja í 112
- Nærstaddir eru færðir frá vettvangi og allir sjá um að halda ró
- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir foreldrum um slysið/veikindin
- Sé barn flutt með sjúkrabíl fer kennari/deildarstjóri með barninu og tekur með *grunnupplýsingar um barn*. Þegar foreldrar koma á staðinn yfirgefur starfsmaður aðstæður
- Leikskólastjóri/staðgengill virkjar áfallateymi leikskólans
- Leikskólastjóri/staðgengill aflar upplýsinga um atburðinn og tilkynnir til tryggingafélags ef við á
- Hafi önnur börn tengst atburðinum þarf að sinna þeim sérstaklega og upplýsa forráðamenn þeirra
- Leikskólastjóri/staðgengill fundar með vitnum að atburðinum ásamt áfallateymi
- Haldinn er fundur með starfsfólki þar sem farið er yfir staðreyndir málsins
- Sé barn úrskurðað látið – sjá viðbrögð við andláti barns

Alvarleg veikindi/langvinnir sjúkdómar barns

Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir forráðamenn eða tengilið þeirra til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi. Allar upplýsingar sem veittar eru öðrum, svo sem starfsfólki og foreldrum annarra barna skal bera undir forráðamenn eða tengilið þeirra.

Meta þarf hvernig unnið er með upplýsingagjöf til barna eftir aldri og þroska hverju sinni.

- Áfallateymi fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við, ákveðið er hvaða upplýsingar skuli veita innan leikskólans og um frekari vinnslu málsins
- Starfsfólki er tilkynnt um málið. Foreldrar á viðkomandi deild fá þær upplýsingar sem þarf
- Börnunum eru veittar upplýsingar um málið, allt í samræmi við aldur og þroska barnanna
- Stjórnendur halda tengslum við foreldra eins og þurfa þykir
- Kveðja er send barninu frá deildinni og/eða fulltrúi leikskólans heimsækir barnið

Þegar barnið kemur aftur í leikskólann skal leikskólinn eiga samstarf við foreldra um hvernig undirbúningi skuli háttað. Undirbúa þarf bæði starfsfólk og börn á deild barnsins og gera áætlun varðandi þjónustu við barnið.

Hópsmit í leikskólanum

Berist upplýsingar um hópsmit af einhverju tagi gildir eftirfarandi:

- Leikskólastjóri/staðgengill leitar staðfestingar á veikindum hjá forráðamönnum
- Leikskólastjóri/staðgengill hefur samband við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og fær ráðleggingar um viðbrögð í samræmi við tegund smits. Sé smit alvarlegt þá fara í gang verkferlar í samráði við heilbrigðiseftirlit, matvælastofnun og sóttvarnarlækni.
- Áfallateymi skipuleggur viðbrögð innan leikskólans í samræmi við ráðleggingar
- Leikskólastjóri/staðgengill upplýsir alla foreldra og sendir viðeigandi leiðbeiningar um viðbrögð
- Leikskólastjóri/staðgengill heldur reglulegum tengslum við foreldra þeirra sem hafa veikst

Andlát barns

Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn eða tengilið þeirra til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi. Allar upplýsingar sem veittar eru öðrum, svo sem starfsfólki og foreldrum annarra barna skal bera undir foreldra.

Meta þarf hvernig unnið er með upplýsingagjöf til barnanna eftir aldri og þroska hverju sinni.

- Berist tilkynning um andlát barns utan opnunartíma leikskólans skal leikskólastjóri upplýsa stjórnendur skólans símleiðis og í kjölfarið hringja deildarstjórar í starfsfólk hvernar deildar. Gæta skal þess að allir starfsmenn fái sömu upplýsingar. Sé náið skyldmenni þess látna starfsmaður leikskólans skal gæta þess að upplýsa viðkomandi sérstaklega
- Berist tilkynning um andlát barns á skólatíma virkjar leikskólastjóri áfallateymi sem skipuleggur hvernig best sé að tilkynna starfsfólki andlátið
- Áfallateymi kallar eftir stuðningi fagaðila, ef á þarf að halda, til að annast áfallahjálp fyrir starfsfólk og börn
- Leikskólastjóri upplýsir forráðamenn allra barna í leikskólanum um andlátið með tölvupósti eða símhringingu eftir því sem við á
- Gæta þarf þess að hlúa að öllu starfsfólki
- Hlúð er að börnum og foreldrar beðnir um að sækja börn fyrr, ef þurfa þykir
- Tilkynna þarf forráðamönnum tímanlega ef breytingar verða á skólahaldi vegna andlátsins, s.s. vegna útfarar
- Starfsfólk leikskólans fundar í lok skóladags með áfallateymi og fagaðilum sem að málinu koma
- Fáni skal dreginn í hálfa stöng á útfarardegi

Vinna á leikskólanum sama dag:

- Æskilegt er að deildarstjóri sé starfandi á deild það sem eftir lifir skóladags. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu einnig vera inni á deildum, eins mikið og kostur er
- Börnum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn
- Í lok dags fundar áfallateymi þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu

Vinna á leikskólanum næstu daga:

- Sorginni er gefinn tími og börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar
- Hefðbundið skipulag skólastarfsins er börnunum gott og getur sefað ótta og kvíða
- Barnsins er minnst og jafnvel sett mynd af viðkomandi barni á hlýlegan stað og kveikt á kerti. Börnin fá tækifæri til að minnast barnsins með sínum hætti
- Deildin útbýr samúðarkveðju til fjölskyldunnar, teiknar myndir, skrifa bréf, ljóð eða sögur
- Eigur barnsins eru fjarlægðar af deildinni og afhentar leikskólastjóra
- Fulltrúar leikskólans heimsækja aðstandendur með samúðarkveðjur og eigur barnsins, í samráði við forráðamenn
- Starfsfólki er gert kleift að vera við útförina
- Mikilvægt er að starfsfólk fái stuðning og áfallahjálp eins og hver hefur þörf fyrir
- Myndin af barninu er tekin niður að lokinni útför

Ofbeldi gegn barni eða barn býr við óviðunandi uppeldisaðstæður

Í samræmi við 17. gr. barnaverndarlaga hafa allir þeir sem starfa með börnum skyldu til að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef grunur leikur á um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni eða þroska í alvarlega hættu.

Grunur um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður eða vanrækslu

- Skrá skal niður grunsemdir/atburði ásamt dagsetningu
- Deildarstjóri ræðir við foreldra um hvað þarf að bæta
- Verði ekki bót á upplýsir leikskólastjóri foreldra um að tilkynning verði send til barnaverndarþjónustu
- Leikskólastjóri/staðgengill fyllir út formlega tilkynningu til barnaverndar

Grunur um að barn sé beitt ofbeldi eða sé í hættu:

- Tilkynna skal stjórnendum án tafar ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi
- Leikskólastjóri/staðgengill hefur tafarlaust samband við barnaverndarþjónustu og tilkynnir grun
- Leikskóli fylgir verkferlum og ráðgjöf barnaverndarþjónustu
- Foreldrar eru ekki upplýstir um tilkynningu
- Stjórnendur og áfallateymi veita starfsfólki stuðning og leita til utanaðkomandi fagaðila eftir ráðgjöf og stuðningi ef þarf
- Segi barn sjálft frá ofbeldi er mikilvægt að:
 - starfsmaður leggi trúnað á frásögn barnsins
 - starfsmaður gefi barninu tækifæri til að klára frásögnina
 - starfsmaður þakki barninu fyrir að segja frá
 - starfsmaður skrái niður dagsetningu og frásögn barnsins**Starfsmaður þarf enn fremur að hafa í huga að:**
 - passa eigin viðbrögð, ekki gefa í skyn að frásögnin sé ótrúverður
 - passa svipbrigði, gretta, undrun eða önnur viðbrögð geta stoppað barnið í frásögn
 - passa að barnið finni ekki líðan starfsmanns

Aðstandendur

Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir forráðamenn eða tengilið þeirra til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi. Allar upplýsingar sem veittar eru öðrum, svo sem starfsfólki og foreldrum annarra barna skal bera undir foreldra.

Meta þarf hvernig unnið er með upplýsingagjöf til barnanna eftir aldri og þroska hverju sinni.

Veikindi/slys aðstandenda barna

- Leikskólastjóri/staðgengill fær staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamönnum barns
- Upplýsingum komið til starfsmanna sem fyrst, auk annarra sem málið varðar
- Áfallateymi fundar og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli í málinu
- Áfallateymi aðstoðar deildarstjóra við undirbúa starfsfólk deildarinnar við að taka á móti barninu, ef barnið hefur verið fjarverandi

Andlát foreldra/systkina

- Leikskólastjóri/staðgengill aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn
- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir deildarstjóra barns um andlátíð
- Áfallateymi er kallað saman þar sem fyrstu viðbrögð eru skipulögð
- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir starfsfólki um andlátíð
- Leikskólastjóri/staðgengill hringir í þá foreldra sem málið varðar og tilkynnir andlátíð
- Deildarstjóri upplýsir börn um atburðinn
- Gæta skal þess að náin skyldmennir hins látna innan leikskólans séu upplýst sérstaklega
- Deildarstjóri stýrir áframhaldandi vinnu á deildinni með stuðningi áfallateymis
- Deildin útbýr samúðarkveðju
- Starfsfólk leikskólans skal huga að líðan barnsins í sorginni og gefa því og öðrum börnum tækifæri til að tjá sig

Starfsfólk

Bera skal allar aðgerðir skólans undir starfsmann, maka eða tengilið þeirra til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

Meta þarf hvernig unnið er með upplýsingagjöf til barnanna eftir aldri og þroska hverju sinni.

Slys/veikindi starfsmanns

Viðbrögð eru alltaf í samráði við viðkomandi starfsmann

- Leikskólastjóri/staðgengill aflar sér staðfesta upplýsinga
- Áfallateymi tekur ákvörðun um ferlið innan leikskólans út frá staðreyndum málsins
- Starfsfólk er upplýst um staðreyndir máls

Andlát starfsmanns

- Leikskólastjóri/staðgengill aflar upplýsinga um andlátíð
- Leikskólastjóri/staðgengill upplýsir deildarstjóra um andlátíð, í kjölfarið upplýsa deildarstjórar starfsfólk á hverri deild

- Áfallateymi er kallað saman og tekin er ákvörðun um frekari vinnslu
- Leikskólastjóri/staðgengill skipuleggur samverustund með starfsfólki samdægurs eða eins fljótt og unnt er
- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir foreldrum barna um andlátíð
- Áfallateymi undirbýr hvernig tilkynna skuli börnum um andlátíð
- Áfallateymi veitir viðkomandi deild stuðning og vinnur með henni næstu daga
- Leikskólastjóri og fulltrúi samstarfsfólks fara heim til nánustu aðstandenda starfsmanns með samúðargjöf
- Starfsfólki skal gert kleift að vera viðstatt útförina
- Flaggað skal í hálfa stöng á útfarardegi

Andlát maka/barns starfsmanns

- Leikskólastjóri/staðgengill leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð
- Leikskólastjóri/staðgengill og áfallateymi upplýsa allt starfsfólk leikskólans um andlátíð
- Leikskólastjóri/staðgengill sjá um að upplýsa foreldra um andlátíð, ef þörf er talinn á
- Leikskólastjóri og fulltrúi samstarfsfólks fara heim til viðkomandi starfsmanns með samúðargjöf
- Starfsfólki skal gert kleift að vera viðstatt útförina

Staðlað bréf sem leikskólinn sendir við andlát barns eða starfsmanns

Kæru foreldrar/forráðamenn

Í gær varð sá sorglegi atburður að (nafn) lést. (Nafn) var (starfsmaður, barn).

Við skólann er áfallateymi og í því sitja stjórnendur leikskólans. Næstu daga munum við leitast við að styðja börnin og hjálpa þeim að átta sig á því sem hefur gerst. Á morgun (dagur) munum við ræða þennan atburð við börnin ykkar. Gott væri ef þið hafið tök á og treystið ykkur til að vera búin að ræða atburðinn við börnin ykkar áður en þau mæta á morgun.

Segið barninu frá sem gerst hefur á einfaldan og skýran hátt. Notið ekki orð sem geta verið misvísandi. Notið réttu orðin og segið sannleikann, forðist að tala um að hann/hún sé sofnaður eða hann/hún sé farinn. Slíkt getur valdið misskilningi og valdið ótta, t.d. við að fara að sofa eða kveðja foreldra. Viðkomandi er dáiinn og því best að nota það orð. Mikilvægt er að leyfa barninu að ráða ferðinni í úrvinnslu sinni á sorginni. Verið til staðar, styðjið barnið, hlustið og deilið tilfinningum ykkar með því. Börn á leikskólaaldri búa yfir þeim hæfileika að geta leikið sér. Leikur sem snýst um sorglega atburði á ekki að stöðva. Leikur er ein besta leið barnsins til að vinna sig út úr sorg.

Ef spurningar vakna hjá ykkur þá endilega hafið samband við leikskólastjórnendur eða deildarstjóra ykkar barna og við munum aðstoða ykkur eftir bestu getu.

Virðingarfyllt

Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta

Mikilvægt er að allir haldi ró sinni og skapi ekki óþarfa spennu.

- Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu
- Leitið skjóls og verið kyrr á öruggum stað, fjarri gluggum, undir borði eða í dyragætt
- Skýlið höfði
- Ef verið er í hvíld þegar jarðskjálfti á sér stað, haltu kyrru fyrir og notaðu kodda eða dýnu til að verja höfuð. Aðstoðaðu börnin við að gera slíkt hið sama
- Bíddu eftir aðstoð eða boði um að rýma húsnæðið, ef aðstoð berst ekki, skal meta aðstæður. Ef talið er öruggt að yfirgefa húsnæðið skal það gert samkvæmt rýmingaráætlun

Hafa skal eftirfarandi í huga

- Húsgögn – varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað
- Innihald skápa – varist hluti sem detta úr hillum og skápum
- Ofnar – haldið ykkur fjarri ofnum sem geta losnað af festingum
- Rúður – varist stórar rúður sem geta brotnað
- Hrun – haldið ykkur fjarri stöðum þar sem hætta er á hruni

Krjúpa – skýla – halda

Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna bruna

Verði eldur laus í skólahúsnæðinu eða eldvarnarkerfið gefur slíkt til kynna skal leikskólinn rýmdur tafarlaust.

- Á hverri deild er spjald sem sýnir öruggustu rýmingarleiðir
- Starfsfólk og börn yfirgefa leikskólann og safnast saman á söfnunarsvæði – leikvöllur framan við Holt
- Starfsmaður sem er næstur mætingarlista á hverri deild tekur hann með út
- Fara skal eftir gildandi ráðleggingum um rýmingu húsnæðis í eldsvoða, kanna hitastig og stöðu elds og reyks í húsnæðinu
- Ef ferðast þarf um rými sem reykur er í eru börnin látin skriða með andlitið niður við gólf
- Á söfnunarsvæði er gert manntal
- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir foreldrum um brunann
- Áfallateymi skipuleggur frekari vinnslu málsins í samræmi við alvarleika hans

Óveður

Komi til þess að fella þurfi niður skólahald vegna óveðurs:

- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir deildarstjórum um að skólahald sé fellt niður, deildarstjórar tilkynna sínu starfsfólki
- Starfsfólk hringir í foreldra samkvæmt óveðurslista hverju sinni

Komi til þess að senda þurfi börn heim vegna óveðurs:

- Leikskólastjóri/staðgengill tilkynnir foreldrum um lokun leikskólans með rafrænum hætti og biður foreldra um að staðfesta móttöku skilaboðanna
- Hringt er í þá foreldra sem ekki staðfesta móttöku

Önnur vá

Um aðra vá sem dunið getur yfir samfélagið á skólatíma gilda hefðbundin viðbrögð sem snúast fyrst og fremst að því að tryggja öryggi barna og starfsfólks. Ætíð verður reynt að vinna úr öllum slíkum málum í samráði við foreldra, lögreglu, björgunarlið eða hvern þann aðila sem komið getur að liði.

Fjöldahjálparstöð

Laugaland er fjöldahjálparstöð. Slík stöð gæti verið opnuð ef einhverjir þeir atburðir gerast sem ógnað geta lífi og velferð íbúa á Suðurlandi. Sem dæmi um slíka atburði má nefna jarðskjálfta, flóð og öskufall frá eldgosum, bruna, hrun fjölmennra bygginga eða hópslys af einhverju tagi. Ef nauðsynlegt reynist að opna fjöldahjálparstöð í skólahúsnæðinu á skólatíma, er það metið hvort senda þurfi börn heim.

Æfingar

Ráðgert er að nemendur og starfsmenn taki þátt í æfingum í viðbrögðum vegna jarðskjálfta og bruna. Leitast verður við að hafa samráð við fagaðila um skipulag og úrvinnslu slíkra æfinga.

Lokun Leikskóla

Ef húsnæði leikskólans hefur orðið fyrir tjóni vegna bruna eða náttúruhamfara og stenst ekki kröfur reglugerða varðandi öryggi barna skal honum lokað. Tekið verður á móti börnum aftur í leikskólann um leið umhverfi og öryggi barna er tryggt.